

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar nr. 1260/2015 um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

#### 1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Samkvæmt 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirframgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

#### 2. gr.

2. mgr. og 3. mgr. 2. gr. reglnanna breytast og orðast svo:

Úthlutun styrkja samkvæmt reglum þessum fer fram einu sinni á ári og taka úthlutanir mið af fjárhagsáætlun og fjölda umsókna hverju sinni. Að jafnaði getur samþykktur styrkur til umsækjanda verið að hámarki 60.000 kr. í hverri úthlutun.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu styrkja og vekur athygli á rétti fólks til umsókna með því að auglýsa einu sinni á ári á vef Reykjavíkurborgar. Auglýsing skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsóknar og um aðferð við úthlutun. Auglýsa skal eigi síðar en 1. október ár hvert. Umsóknarfrestur er tvær vikur og skulu umsóknir afgreiddar innan tveggja vikna að loknum umsóknarfresti.

#### 3. gr.

1. mgr. 3. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Rétt til styrks samkvæmt reglum þessum á hver sá einstaklingur sem býr við andlega eða líkamlega fötlun, sbr. 25. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar<sup>1</sup>, endurhæfingar<sup>2</sup> eða starfsendurhæfingar<sup>3</sup> auk eftirfarandi skilyrða:

1. Á lögheimili á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar.
2. Er 18 ára eða eldri.
3. Hefur varanlega 75% örorku.

#### 4. gr.

Texti undir kaflaheiti III. kafla reglnanna um málsmeðferð breytist og orðast svo:

#### III. KAFLI

#### Málsmeðferð,

**sbr. ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.**

#### 5. gr.

2. og 3. mgr. 10. gr. reglnanna breytast og orðast svo:

Umsækjanda skal jafnramt kynntur sá réttur að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu

<sup>1</sup> Hæfing hefur það að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðingar fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að úrræðinu sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.

<sup>2</sup> Endurhæfingu er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er.

<sup>3</sup> Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.

til áfrýjunarnefndar velferðarráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

6. gr.

11. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Umsækjandi getur skotið ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

7. gr.

12. gr. reglnanna fellur brott og 1. másl. 13. gr., sem verður að 12. gr., orðast svo:

Reglur þessar eru settar á grundvelli 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

8. gr.

Við reglurnar bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

**Bráðabirgðaákvæði.**

Á árinu 2019 skal auglýsa eftir umsóknum fyrir 1. desember og skal umsóknarfrestur vera til 31. desember 2019.

9. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 23. október 2019, og á fundi borgarráðs 7. nóvember 2019, eru byggðar á 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, taka gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 12. nóvember 2019.*

**Dagur B. Eggertsson.**